

Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kæru vegna borgarstjórnarkosninga 2018.

Á fundi borgarráðs 20. júní 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Í ljósi þess að dómsmálaráðuneytið hefur fellt ákvörðun sýslumanns um að vísa frá kæru Vigdísar Hauksdóttur vegna framkvæmda borgarstjórnarkosninganna í maí í fyrra og skipað þriggja manna nefnd til að taka afstöðu til kærunnar telja borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks að rétt hefði verið að upplýsa borgarráð um málið og leggja þessa ákvörðun fram í borgarráð til upplýsingar. Óskað er upplýsinga um hvers vegna ekki hafi verið vakin sérstök athygli borgarfulltrúa á málinu í ljósi alvarleika þess. Þá óska borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir upplýsingum um hver hafi verið viðbrögð borgarinnar vegna þessarar ákvörðunar, hver komi fram fyrir hönd borgarinnar í þessu máli og hvort óskað hafi verið eftir gögnum frá Reykjavíkurborg vegna málsins og ef svo er hvaða gögn sé um að ræða.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar.

Þann 31. maí sl. var kveðinn upp úrskurður í máli DMR19010174, kæru Vigdísar Hauksdóttur á ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu þar sem ákvörðun sýslumanns um að vísa frá kæru Vigdísar Hauksdóttur er felld úr gildi. Úrskurðurinn var sendur málsaðilum þ.e. kærandanum og sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Í úrskurðinum var lagt fyrir sýslumann að skipa þriggja manna nefnd til að taka afstöðu til kæruefnisins sbr. 93. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Með tölvupósti dags. 11. júní sl. berst yfirkjörstjórn Reykjavíkur erindi frá kjörnefndinni þar sem þess er beiðst að yfirkjörstjórn Reykjavíkur veiti umsögn um kærur. Með erindinu fylgdi skipunarbréf og afrit af þeim kærum sem ræðir. Yfirkjörstjórn Reykjavíkur sendi frá sér umsögn sína til nefndarinnar þann 18. júní sl. í samræmi við þau frestákvæði sem er að finna í lögum um kosningar til sveitarstjórna. Úrskurður nefndarinnar var kveðinn upp í dag, 25. júní.

Borgarráð hefur ekki aðkomu að starfi kjörnefndar skv. 93. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og hefur hún þar af leiðandi ekki óskað eftir umsögn Reykjavíkurborgar. Kjörnefndin hefur beint erindum sínum til yfirkjörstjórnar Reykjavíkur og óskað eftir umsögn hennar um framkomnar kærur eins og boðið er í lögunum. Yfirkjörstjórn Reykjavíkur er kjörin af borgarstjórn í samræmi við ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna til þess að annast og bera ábyrgð á framkvæmd kosninganna, en í lögunum kemur jafnframt fram að kjörstjórnir eru í störfum sínum óháðar ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar